



Námsvísir
haustönn 2013





Viska er ennþá að fagna tíu ára afmælinu og þið fáðið að njóta þess

Þá er námsvísir haustannar Visku kominn í ykkar hendur. Í honum kennir ýmissa grasa því í boði eru fjölbreytt námskeið sem ættu að henta sem flestum. Leitast er við að hafa úrvalið fjölbreytilegt þannig að sem flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Námsleiðir

Menntastöðir eru í gangi frá því á vorönn og gengur vel. Þeir sem ljúka Menntastöðum geta í kjölfarið sótt um nám í Háskólabrá Keilis eða Háskólagátt á Bifröst og er það nám láns-hæft hjá LÍN. Í haust ætlum við hins vegar að bjóða upp á Grunnmenntaskóla og Kvikmyndasmiðju í flokknum náms-leiðir.

Kostnaður vegna námskeiða

Námskeið eru auglýst á ákveðnu verði og sumum þykir það kannski full hátt verð. Þá ber að athuga að stéttarfélag greiða niður námskeið fyrir félaga sína. Stundum eru þau niður-greidd að hálfu en stundum allt að 75% ef námskeiðin teng-jast starfi viðkomandi á einhvern hátt.

Náms- og starfsráðgjöf og lesblindugreiningar

Náms- og starfsráðgjöf hefur gengið vel hjá Visku og viljum við hvetja íbúa að nýta sér hana enn frekar. Það sem íbúar vita kannski ekki er að Viska býður upp á lesblindugreiningar fyrir íbúa hér og á afmælisári eru þær ykkur að kostnaðar-lausu. Eina sem þið þurfið að gera er að setja ykkur í sam-band við Sólrúnu náms- og starfsráðgjafa og mun hún koma erindinu í ferli.

Gæðastefna

Viska starfar nú eftir ákveðinni gæðastefnu sem á að tryggja að gæði þjónustunnar sé uppfyllt. Hjá Visku leggur starfsfólk sig fram um að veita góða þjónustu og skapa notalegt andrúmsloft þannig að nám sem hentar fullorðnum geti verið sem skemmtilegast og notalegast.



GÆÐAVOTTUN
FRÆÐSLUADILA

Menning og þjóðarstolt

Viska hefur á árinu boðið upp á nokkur námskeið þátttakendum að kostnaðarlausu í tilefni tíu ára afmælisins og mun gera það áfram. Þetta eru fyrst og fremst námskeið sem tengjast eyjunum okkar á einhvern hátt. Því til viðbótar ætlum við nú að kanna hvort áhugi er á þjóðbúningagerðarnámskeiði og er það auglýst hér í þessum námsvísi þó það fari ekki fram fyrir en á vorönn. Viska greiðir niður námskeiðið í því formi að hvorki ferða-, né gistikostnaður leiðbeinenda bætist ofan á námskeiðsverðið.



Við bjóðum ykkur velkomin til Visku á haustönn 2013.

Fyrir hönd Visku.
Valgerður Guðjónsdóttir

NÁMSKEIÐ HAUSTÖNN 2013

- NAMSLEIÐIR BLS. 4
- MATREIÐSLA BLS. 5
- MENNING OG ÚTIVIST BLS. 5
- TÖLVUR OG TÆKNINÝJUNGAR BLS. 6
- TÓMSTUNDIR OG LISTIR BLS. 8
- TUNGUMÁL BLS. 9
- SJÁLFSSTYRKING OG EFLING BLS. 10

Reglur um innritun og námskeiðsgjöld

- Innritun fer fram í síma, með tölvupósti, á facebook eða í gegnum vefsíðu Visku.
- Nokkrum dögum áður en námskeið hefst er haft samband við viðkomandi og hann beðinn um að staðfesta innritun.
- Staðfesting er skuldbindandi og með henni samþykkir þátttakandi að greiða námskeiðið.
- Viska áskilur sér rétt til að innheimta námskeiðsgjald að hluta til eða öllu leyti afboði þátttakandi sig eftir að hafa staðfest innritun.
- Innritun lýkur að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst.
- Námskeiðsgjöld eru innheimt með greiðsluseðli nema skráð sé í gegnum vef Visku, þá má nota greiðslukort.
- Viska áskilur sér rétt til að fella niður námskeið ef ekki fæst næg þátttaka.

Skráning á námskeið vorannar er hafin og fer fram á

www.viskave.is

í síma 481-1950 eða á viska@eyjar.is

Starfsmenn Visku



Valgerður
Guðjónsdóttir
Forstöðumaður
viska@eyjar.is



Sólrún
Bergþórsdóttir
Náms- og starfs-
ráðgjafi/verk-
efnastjóri
solrunb@eyjar.is



Margrét
Hjálmarsson
Þjónustufulltrúi
maggah@eyjar.is



Ester
Garðarsdóttir
Þjónustufulltrúi
ester@setur.is

Náms- og starfsráðgjöf hjá Visku

Hefur þú verið að velta fyrir þér námi og störfum?

Viska býður upp á margvíslega ráðgjöf fyrir einstaklinga, hópa og fyrirtæki. Ráðgjöfin er ókeypis fyrir einstaklinga og þar er aðstoðað við að

- finna upplýsingar um nám og störf.
- kanna áhugasvið og færni.
- skoða möguleika á námi og starfi.
- setja sér markmið.
- setja upp ferilskrá.
- taka ákvarðanir um nám og störf.
- takast á við hindranir.
- takast á við prófkviða.
- takast á við persónuleg málefni.
- takast á við námsörðugleika (t.d. lesblindu o.fl.).
- tileinka sér árangursrík vinnubrögð í námi.
- undirbúa sig undir háskólanám.
- vinna færnimöppu.

Hægt er að bóka viðtal og fá nánari upplýsingar um þjónustuna hjá **Sólrúnu Bergþórsdóttur** náms- og starfsráðgjafa í **síma 481-1950/ 866-7837** eða með tölvupósti á solrunb@eyjar.is



**SÓLRÚN
BERGÞÓRSDÓTTIR**
náms- og
starfsráðgjafi

NÁMSLEIÐIR

Grunnmenntaskólinn :: 300 kennslust.

Veturinn 2013-2014

Grunnmenntaskólinn hentar þeim sem vilja styrkja sig í grunngreinum íslensku, stærðfræði, ensku og tölvum. Lögd er áhersla á verkefnavinnu, verklegar æfingar, hópavinnu, umræður og rökræður í stað hefðbundinna prófa. Í náminu er lögd áhersla á að námsmenn læri að læra, efli sjálfstraust sitt og lífsleikni. Góður undirbúningur fyrir þá sem hyggja á nám á framhaldskólastigi. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að framhaldsskólar geti metið námið til eininga. Námið er 300 kennslustundir.

Hér má sjá kynningarmyndband um Grunnmenntaskólann <http://www.youtube.com/watch?v=3SRWN2fTUak>

Tími:	Mánudaga, miðvikudaga og annan hvern laugardag.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	56.000
Fjöldi:	Lágmark 10 manns

Kvikmyndasmiðjan :: 120 kennslust.

Kvikmyndasmiðja er hagnýtt verklegt nám þar sem námsmenn kynnast grunnþáttum kvikmyndagerðar, læra uppbyggingu handrits stuttmynda og þroska myndmál sitt. Námið fer fram með stuttum fyrirlestrum, hóp og einstaklingsvinnu, þar sem kennarinn dregur fram aðalatriðin við kvikmyndagerð. Markmið náms í Kvikmyndasmiðjunni er að námsmaður tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð sem krafist er við kvikmyndagerð, lestur myndmáls, hljóðvinnslu og eftirvinnslu kvikmynda. Námsmenn vinna að gerð þátta, stuttmynda og við aðrar upptökur í samvinnu og undir handleiðslu. Megináhersla er lögd á að námsmenn öðlist færni með verklegu námi gegnum vinnu, þannig að þeir afli sér þekkingar og leikni með vinnu sinni. Kvikmyndasmiðjan er 120 kennslustundir og verður sem kvöldnámskeið og á laugardögum þegar næg þátttaka næst. Kennt verður eftir samþykkt námskrá Visku og Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins. Mennta og menningarmálaráðuneyti hefur veitt leyfi til að meta megi námið til allt að 10 einingum í framhaldsskóla. Engin inntökuskilyrði eru fyrir þátttöku og ekki er krafist þekkingar á kvikmyndatöku.

Tími:	Þriðjudaga, fimmtudaga og annan hvern laugardag.
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	22.000
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Sighvatur Jónsson

Menntun skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana



Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni



Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins



Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Landsmennt

Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401
www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is

481-1950

Matreiðsla og hollt líferni

Fyrirlestur um breyttan lífsstíl án öfga
Hefur þú áhuga á að breyta um lífstíl og koma þér í gott form á nýju ári.
Við hjónin höfum á undaförnum 2 árum breytt lífstíl okkar og breytt venjum fjölskyldunnar án þess að fara í megrun og án þess að banna okkur nokkuð. Við höfum lést um 60 kg samtals og erum farin að hreyfa okkur og líður að öllu leyti mun betur í dag. Við viljum segja þér hvernig við förum að. Námskeiðinu fylgir hefti sem hefur að geyma fullt af góðum upplýsingum sem geta nýst þér í framhaldinu. Allir sem koma á námskeið fá hugmynd að matarplani og ráð og uppskriftir sendar á netfangið sitt strax eftir námskeið að verðmæti 1.490 krónur.

Tími:	5. október
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	5900 eða 9900 fyrir hjón
Fjöldi:	Lágmark 10
Kennari:	Guðrún Ásdís og Tjörvi frá heilshugar.com

Tælensk matreiðsla :: 6 kennslust.

Töfrar Tælenskrar matargerðar eru Íslendingum vel kunn. Tælensk matseld einkennist af innsæi, metnaði, næmni fyrir bragði, fagurlega fram bornum réttum og ótrúlegri fjölbreytni. Listin við austurlenska matargerð er byggð á jafnvægi milli fjögurra bragðtegunda sem eru sætt, salt, súrt og sterkt sem er einmitt ein helsta ástæða þess hve spennandi og framandi þessi matargerð er fyrir matgæðinga. Nú gefst frá bært tækifæri til að læra réttu handtökin af innfæddum. Hver kannast ekki við panangkjúkling eða tælenskar núðlur, vorrúllur svo eitthvað sé nefnt. Í október ætlum við að bjóða upp á matreiðslunámskeið þar sem nokkrir réttir verða kenndir.

Tími:	5. október
Staður:	Heimilisfræðistofa í Barnaskóla
Verð:	9.500
Fjöldi:	Lágmark 8 manns hámark 12
Kennari:	Deng og Rinda

Heilsuréttir fjölskyldunnar – hollt, gott og einfalt 4-5 kst.

Búum til okkar eigin möndlumjólk og morgunsheik úr henni. Næringarríkt spelt brauð og kryddbrauð (án hveitis, LKL vænt sem er gott að eiga með kaffinu fyrir þá sem eru að reyna að borða minna brauð). Hnetubuff með hvítlauksjógúrtsósu og avókadó og perusalsa. Og endum á einföldu döðlukonfektí. Förum yfir mikilvægi þess að borða hreinan mat og muninn á mat og matarlíki. Mikilvægi þess að fjölskyldan borði næringarríkan mat og hvernig er auðveldlega hægt að skipta úr óhollu yfir í hollt. Skemmtilegt spjall og umræður, þar sem allir elda saman og borða ljúffengan og hollan mat.

Tími:	19. okt. kl. 14:00-17:00
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	9.000
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Berglind Sigmarsdóttir

Húsin í götunni :: 18 kennslust.

(Sex miðvikudagskvöld frá 9. okt. – 13. nóv. 2013)
Viska stóð fyrir námskeiðum haustin 2004 og 2005 þar sem fjallað var um húsin á svæðinu frá Kirkjuvegi vestur að Heiðarvegi. Haustið 2012 stóð Viska fyrir verkefninu Húsin í hrauninu sem lauk 23. janúar 2013.
Í verkefninu í haust sem er eitt af afmælisverkefnum Visku 2013 verður aflað nánari upplýsinga um bygginga- og eigendasögu húsa við Hólagötu, Brimhólabraut, Sólhlið, Fífilgötu og Ásaveg. Vinnan felst í hópstarfi og skoðunarferð í lokin.

Tími:	Miðvikudagskvöld kl. 19.30-22.00
Staður:	Kennslustofa Visku að Strandvegi 50
Verð:	Afmælisverkefni Visku og þátttakendum að kostnaðarlausu
Fjöldi:	Lágmark 8 þátttakendur
Umsjón:	Arnar Sigurmundsson og Þórunn Jónsdóttir

Hafnarganga, bryggjurölt og myndasýning :: 10 kst.

Á þessu ári eru liðin 100 ár frá því sérstök lög um Vestmannaeyjahöfn tóku gildi of var þess minnst í júlí sl. Hafnarganga, bryggjurölt með leiðsögumanni um hafnar-svæðið og sýning á ljósmyndum og lifandi myndum sem tengjast höfninni verður endurtekin í samstarfi Vestmannaeyjahafnar og Visku.
Farið verður í gegnum forvitnilegar gamlar myndir frá Vestmannaeyjahöfn og verða nokkrir kunnáttumenn fengnir til að gefa skýringar á sínum uppáhaldsmyndum. Reiknað er með að hópurinn hittist tvö kvöld og hafnargangan verði í góðu veðri á laugardegi

Tími:	Verður haldið í okt./nóv. 2013
Staður:	Húsnæði Visku og hafnarsvæðið
Verð:	Afmælisverkefni Visku og Vm.hafnar þátttakendum að kostnaðarlausu.
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Umsjón:	Arnar Sigurmundsson.

Haustverkin í garðinum

Hér er um að ræða lærdómsríkt námskeið þar sem fjallað er um helstu haustverkin í heimagarðinum. Fjallað er um flutning á trjám (gott fyrir sumarbústaðaeigendur og fleiri) og gróðursetningu, skiptingu fjölræra plantna, haustlauka, frættinslu og geymslu grænmetis.

Kennari:	Auður I. Ottesen garðyrkjufræðingur
Hvenær:	23. september. 1 skipti. Mánudagur kl. 18.00- 21.00

www.viskave.is

MENNING OG ÚTIVIST

Stjörnufræði grunnnámskeið :: 18 kennslust.

Til stendur að bjóða enn á ný upp á hið geysivinsæla námskeið í stjörnufræði fyrir byrjendur. Þátttakendum verður kennt að þekkja helstu kennileiti á himni á námskeiði sem stendur í átta vikur.

Þá verður farið lauslega yfir helstu atriði stjörnufræðinnar, svo sem vetrarbrautina, önnur sólkerfi, halastjörnur, loftsteina, sprengistjörnur, stærð og myndun alheimsins, geimferðir og fleira.

Hugmyndin er að á námskeiðinu verði eitt til tvö kvöld þar sem nemendur fara í stjörnuskoðun og eitt kvöld þar sem norðurljós verða meginviðfangsefni, með gestakennara. Þar verður farið í helstu kennileiti á himni s.s. stjörnumerki og reikistjörnur, en hið síðara þar sem nemendum gefst kostur á að skoða fyrirbæri á himni t.d. tungl Júpiter í stjörnusjónauka, en þetta ræðst af skyggni þessi kvöld. Verkefninu lýkur með 80% mætingu.

Tími:	Hefst í byrjun október og verður haldið á þriðjudögum
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	10.000
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Karl Gauti Hjaltason

Þjóðbúninganámskeið

Á þjóðbúninganámskeiði vinna nemendur einn búning og hægt er að velja um að sauma 19. eða 20. aldar upphlut, peysuföt, herrabúning eða barnabúning. Námskeiðin eru kennd á fjórum helgum (50 kst), aðra hverja helgi, en áður hefur farið fram kynning þar sem nemendur velja sér hvaða búning á að sauma, mál eru tekin og efni valin. Nemendur fá svo búninginn tilsníðinn í fyrsta tíma og þá tekur við saumaskapurinn sem nauðsynlegt er að gefa sér góðan tíma í.

Námskeiðið kostar 115.000 og hægt er að fá niðurgreiðslu frá flestum verkalyðsfélögum. Efni í búningana kosta á bilinu 90-130.000, aðeins mismunandi eftir gerð búninga en auk þess bætist við silfurkostnaður á upphluti frá 250.000 og upp úr. Allt efni og tillegg í búningana fæst í Annríki.

Margar konur eiga gamla búninga og silfur og hvetjum við þær til að nýta það sem nothæft er. Oft má laga gamlar flíkur jafnvel sauma nýtt með og gamalt silfur má gera eins og nýtt, laga, hreinsa og smíða inn í eftir þörfum. Við bjóðum einnig upp á þessa þjónustu hjá Annríki sem og nýsmíði á búningaskarti.

Máltaka fer fram, t.d. laugardaginn 9. nóvember. Síðan er hugmynd að taka einn tíma fyrir áramót t.d. helgina 22.-24. nóvember. Næstu tímar yrðu 9.-11. jan., 24.-26. Jan. og 7-9. feb. Kennt er 3 klst. á föstudagskvöldi og 5 klst á laugardegi, heimferð á sunnudegi. Viðmiðið er að kenna 30 klst. á fjórum helgum en námskeiðið með máttunartíma er 33 klst.

Annríki – Þjóðbúningar og skart
Guðrún Hildur Rosenkjær, klæðskera- og kjólameistari
og Ásmundur Kristjánsson gullsmiður.

Wordpress vefsíðugerð námsk. á vegum SASS :: 27 kst.

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa hug á að koma upp og viðhalda einfaldri wordpress vefsíðu. Aðaláherslan er lögð á að þátttakendur geti eftir námskeiðið sinnt vefsíðu sinni sjálfir, sett inn efni og myndir. Einnig verður farið yfir hvernig nýta má vefsíðuna í markaðssetningu á netinu með því að tengja síðuna við leitarvélar. Þá verða viðbætur skoðaðar (e.plugins), s.s. fyrir bókanakerfi. Sérstaklega hentugt fyrir ferðaþjónustuaðila og aðila í smærri rekstri. Námskeiðið hentar einnig þeim sem eru nú þegar með vefsíðu í wordpress kerfinu og vilja ná betri tökum að sinna síðunni.

Lengd:	8 klst. hvor dagur.
Tími:	kl.10:00-17:00
Fjöldi:	Lágmark 6 manns, hámark 15 manns á hverjum stað
Verð:	6.990 kr. (Fullt verð er 30.100 kr. SASS greiðir niður) skráning fer fram hjá Visku vegna Vestmannaeyja.
Hvenær:	Höfn, 29. - 30. október. Vestmannaeyjar: 4.-5. nóv. Vík: 6.-7.nóv. Selfoss: 12.-13.nóv.
Kennari:	Elmar Gunnarsson

Verslað á netinu

Það er mun einfaldara að versla á netinu en þig grunar.

Verslað á netinu er praktískt námskeið um það hvernig hægt er að versla á öruggan hátt á netinu. Bent er á hvernig og hvar er best að leita að vörum á netinu, öruggar greiðsluleiðir, hvaða sendingarmöguleikar eru í boði og útreikning viðbótarkostnaðar (tollar og gjöld). Einnig farið í hvað helst þarf að varast í viðskiptum á netinu.

Verslað á netinu er skemmtilegt og hnitmiðað námskeið. Black Friday í USA er frábær tími til að versla á netinu, bara láta fara vel um sig fyrir framan tölvuna og skoða fjölbreytt vöruúrval á netinu.

Tími:	Ein kvöldstund í október
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	7.500
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Davíð Guðmundsson

Google er málið :: 9 kennslust.

Google námskeið er fyrir alla sem vilja læra á þetta skemmtilega verkfæri. Á námskeiðinu verða kenndar leiðir til að einfalda Google leit og sýna hvað leitarvélin býður upp á. Einnig verður farið yfir hvað Google umhverfið býður líka upp á. Google Drive er kynnt (Document, Spreadsheet og Forms) ásamt Calender, Play, Gmail og Maps. Google verkfærið er frítt og í raun allt sem þú þarft í einfaldri tölvuvinnu. Fróðlegt námskeið á léttum og skemmtilegum nótum. Kennt í 3 skipti.

Tími:	Þrjú kvöld í október-nóvember
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	10.500
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Tölvuskóli Vestmannaeyja

IPAD námskeið :: 3 kennslust.

iPad sem tæki í námi, leik og þjálfun - grunnur

- iPad vélin undirbúin og farið yfir ýmsar gagnlegar stillingar og góð ráð gefin
- Skipulag á skjánum
- Myndir í iPad og skipulag mynda í myndasafni
- Kynning á völdum smáforritum (apps) og þau skoðuð og prófuð, sérstök áhersla á smáforrit sem hægt er að setja inn eigin myndir, texta og tal
- Gagnlegar síður á netinu kynntar

Markhópur: Fagfólk, foreldrar og aðrir sem vilja kynna sér iPad sem tæki í námi, leik og þjálfun. Þátttakendur sem eiga iPad eru hvattir til að taka hann með sér en það er þó ekki nauðsynlegt.

Tími: 16. Október
Staður: Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð: 4.000
Fjöldi: Lágmark 8 manns
Kennari: Ólafur Sólíman frá Apple store

IPAD námskeið :: 3 kennslust.

iPad og úrval smáforrita (apps) sem bjóða upp á að setja inn eigin myndir, myndbönd, texta og tal - raðbækur og fleira. Námskeiðið er hugsað fyrir þá sem eiga eða hafa aðgang að iPad. Grunnþekking á iPad nauðsynleg. Bendum m.a. á námskeið TMF iPad grunnur.

Markhópur er fagfólk, foreldrar og aðrir áhugasamir. Í smáforritum sem bjóða upp á auðar síður til að setja inn myndir, myndbönd, teikningar, texta, tal með texta sem ljómar upp og hljóð eru möguleikar til sköpunar nánast ótakmarkaðir. Hægt er að búa til frásagnir, félagsfærnisögur, talandi mynddaalbúm, bækur tengt námi eða öðru, lítil ævintýri, málörvunarverkefni svo eitthvað sé nefnt og allt aðlagð að þörfum og áhuga hvers og eins.

Á námskeiðinu vinnum við saman í nokkrum smáforritum, skiptumst á skoðunum og reynslu og miðlum góðum hugmyndum.

Þátttakendur fá námskeiðsgögn með leiðbeiningum á íslensku um smáforritin sem unnið er í.

Þátttakendur eru beðnir um að hlaða niður forritum af listanum hér að neðan, ekki nauðsynlegt að hlaða niður öllum smáforritunum en gott að hlaða niður í það minnsta þeim sem eru ókeypis.

Bæst getur reglulega í listann og eru væntanlegir þátttakendur beðnir að fylgjast með listanum á heimasíðu Visku.

Listi yfir smáforrit sem unnið verður í á námskeiðinu:



Tími: 16. október
Staður: Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð: 4.000
Fjöldi: Lágmark 8 manns
Kennari: Ólafur Sólíman frá Apple store

Tölvunámskeið framhald fyrir 50+ :: 30 kennslust.

30 kennslustunda framhaldsnámskeið fyrir 50+

Tölvunámskeið fyrir þá sem hafa sótt byrjendanámskeið eða hafa töluverða kunnáttu á tölvur. Farið verður yfir Internetið og hvað það hefur spennandi uppá að bjóða. Tölvupóstur, ritvinnsla (Power point, word, excel), vefgeymslur, hvað er það? Skoðað atriði eins og dropbox, skydrive og Google docs ásamt því að skoða Google veldið að einhverju leyti. Markmiðið er að gera þátttakendur færari um að vinna sjálfstætt í Windows umhverfinu ásamt því að geta nýtt ofangreinda þætti.

ATH: Námskeiðið er eingöngu miðað við Windows stýrikerfið.

Tími: Tvö kvöld eða síðdegi í viku tíu skipti samtals
Staður: Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð: 34.000
Fjöldi: Lágmark 10 manns
Kennari: Tölvuskóli Vestmannaeyja

Byrjendanámskeið í SketchUp 3D :: 15 kennslust.

Kennt verður á teikniforritið SketchUp 3D sem er sérstaklega hentugt til að teikna upp líkön, hús og landslag. Forritið er einfalt í notkun en býður upp á marga skemmtilega möguleika. Kennd verða undirstöðuatriðin í módelteikningu og sýnt hvernig á einfaldan hátt er hægt að teikna t.d. eigið húsnæði, garðinn eða teikna upp innréttingar eða endurskipuleggja innanhúss. Kennt verður hvernig hægt er að nota þrívíddar vöruhúsið (3D Warehouse) til bæta inn í eigin teikningar og flytja teikningar af húsum eða landslagi yfir í Google Earth.

Námskeiðið er opið fyrir alla og ekki er gerð krafa á sérstaka kunnáttu í notkun teikniforrita. Æskilegt er þó að þátttakendur hafi góða almenna tölvukunnáttu.

Tími: Fimm skipti þegar þátttaka hefur náðst
Staður: Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð: 15.000
Fjöldi: Lágmark 8 manns
Kennari: Páll Marvin Jónsson



TÓMSTUNDIR OG LISTIR

Ljósmyndanámskeið fyrir byrjendur á Canon EOS myndavélar :: 12 kennslust.

Þetta er fimmta árið sem boðið er upp á ljósmyndanámskeið fyrir byrjendur sem vilja læra vel á vélina sína og læra að taka betri myndir með Canon EOS myndavélum. Þú mætir með vélina þína og farið er yfir allar helstu stillingar vélarinnar. Einnig er farið yfir undirstöðuatriði ljósmyndunar og tökustillingar við mismunandi aðstæður. Glæsileg bók um ljósmyndun á Canon EOS sem var sérstaklega skrifuð fyrir þetta námskeið fylgir og nýtist við að læra á allar Canon EOS vélar.

Tími: Laugardaginn 28 september
Staður: Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð: 19.900, 16.600 ef menn eiga EOS bókina
Fjöldi: Lágmark 8 manns
Kennari: Alex Darri Þórhallsson

Heklað skart :: 3 kennslust.

Námskeið til að læra að hekla perlor og steina í skartgrip. Notaður er vír og hægt er að útbúa hálsmen, armbönd og fleira. Óvenjulegir og skemmtilegir skartgripir. Sjá mynd 1. Námskeiðið kostar kr. 4.500,- en efni er ekki innifalið - nema vírinn.

Tími: 12. október 14:30
Staður: Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð: 4.500
Fjöldi: Lágmark 8 manns
Kennari: Kristín Guðmundsdóttir

Trékúluhálsmen :: 3 kennslust.

Kennt er að mála trékúlur sem fást í mörgum stærðum hjá Glit og útbúa hálsmen. Einnig er kennt að skreyta með tjulli, útbúa blóm, líma swarowski steina á kúlur, o.fl. Innifalið í námskeiðsgjaldi er málning, borðar og smáefni. Hins vegar er greitt fyrir kúlur og annað skreytiefni.

Tími: 12. október
Staður: Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð: 5.500
Fjöldi: Lágmark 8 manns
Kennari: Kristín Guðmundsdóttir

Heimili og hönnun :: 5 kennslust.

Farið er í grunnatriði eins og uppröðun húsgagna, hvernig hengja á myndir, litaskema, osfrv. Einnig verður farið í hvernig gera megi upp gömul húsgögn með tilliti til efnis og forms.

Tími: Þegar þátttaka hefur náðst
Staður: Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð: 6.500
Fjöldi: Lágmark 8 manns
Kennari: Emilía Borgþórsdóttir iðnhönnuður

Hönnun einfaldra hluta :: 8 kennslust.

Þetta námskeið er fyrir þá sem hafa dreymt um að hanna sjálfir eða leysa ákveðin vandamál með sérsniðinni hönnun. Fyrri hluti námskeiðs fer í hönnun og útfærslu hlutarins til að fá nákvæma vinnuteikningu af honum. Seinni hlutinn fer fram á smíðaverkstæði þar sem nemendur smíða hlutinn með aðstoð smíðakennara. Verður sá hluti námskeiðsins auglýstur síðar.

Tími: Þegar þátttaka hefur náðst
Staður: Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð: 6.500
Fjöldi: Lágmark 8 manns
Kennari: Emilía Borgþórsdóttir iðnhönnuður

Þrívíddarteikning :: 5 kennslust.

Farið er í grunnatriði í fjarvídarteikningu, nemendur læra að teikna grunnformin í fjarvíd og færnin síðan færð yfir í hluti. Nemendur læra að skoða umhverfi sitt út frá lögmálum fjarvíd.

Námsgögn: Skrófblýantur, strokleður, reglustika, teikniblokk / pappír.
Tími: Þegar þátttaka hefur náðst
Staður: Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð: 6.500
Fjöldi: Lágmark 8 manns
Kennari: Emilía Borgþórsdóttir iðnhönnuður

Byrjendanámskeið í vírvirki :: 15 kennslust.

Kenndar verða grunnaðferðir í íslensku vírvirki sem byggjast á alda gömlum hefðum við þjóðbúningagerð. Vírvirkið hefur verið að koma sterkt inn í skartgripagerð síðustu árin. Byrjað er að gera hálsmen, blóm eða kross og síðan ef tími gefst eru gerðir eyrnalokkar. Námskeiðið verður laugardag 13-18 og sunnudag 10-16 og hálf tími í hádegis- eða kaffihlé. Efni er innifalið. Ekkert þarf að koma með nema dass af þolinmæði og krukku af jákvæðni.

Tími: 16.-17. nóvember
Staður: Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð: 25.000
Fjöldi: Lágmark 8 manns
Kennari: Júlía Þrastardóttir
www.facebook.com/djulsdesign

Skráðu þig núna á
www.viskave.is

Skartgripagerð-leður-skin og skart

Frábært námskeið þar sem þátttakendur læra að gera skartgrip úr leðri, skinni og skarti. Þátttakendur gera sína eigin hönnun ef þeir vilja. Þetta er bæði fyrir byrjendur og þá sem hafa farið á námskeið áður. Innifalið er allt að 4 gripir.

Tími:	16. nóvember
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	8.000
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Þorbjörg Óskarsdóttir Tobba

Fluguhnýtingar :: 8 kennslust.

Daði Harðarson kennari námskeiðsins hefur mikla reynsla af silungs- og laxveiði í straumvatni. Lögð verður áhersla á að hnýta Nobbler frá grunni í ýmsum afbrigðum, þar sem Nobbler er einhver öflugasta flugan í straumvatni hér á landi. Einnig verða hnýttir kúluhausar fyrir uppstraums veiði. Áhersla verður lögð á að hnýta sterkar og veiðnar flugur. Efnispakki verður innifalinn í verði en þátttakendur beðnir að taka með sér sín tæki (þeir sem eiga), tvinna og lakk.

Tímabil:	Í október
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	10.000
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Daði Harðarson hönnuður

Tálgunarnámskeið :: 10 kennslust.

Á námskeiðinu eru kennd lokuð hnífbrögð sem auka öryggi og afköst við tálgun. Kennt er að tálga með hnífi og exi, ýmsar viðartegundir kynntar og eiginleikar þeirra. Kennd er þurrkun og yfirborðs-meðhöndlun viðarins og hvernig hægt er að notfæra sér form viðarins í ýmsa nytjahluti. Einnig er kennt að brýna og hvernig er best að meðhöndla bitverkfæri. Þátttakendur geta keypt vandaða tálguhnífa á staðnum.

Tími:	25.-26. okt
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	13.000
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Guðmundur Magnússon kennari, húsa-smiður og áhugamaður um viðarnýtingu.

Handmálun og spaði

Námskeið þar sem unnið verður með olíu á striga. Notaður verður spaði við gerð myndarinnar. Þátttakendur fá að spreyta sig og skapa sína eigin mynd og fara með heim að loknu námskeiði mynd sem er 20 x 80. Allt efni er innifalið í verði bæði litir og blindrammi á striga.

Tími:	16. nóvember
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	11.900
Fjöldi:	Lágmark 8 manns
Kennari:	Þorbjörg Óskarsdóttir Tobba

Íslenska fyrir útlendinga 1

Vinsamlegast hafið samband við Visku í síma 4811950 til að fá frekari upplýsingar og til innritunar. Please contact Viska tel. 481-1950 for further information and/or to sign up.

Áfanginn er ætlaður byrjendum í íslensku. Lögð er áhersla á að kynna nemendum uppbyggingu tungumálsins með hlustun, lestri, frásögn og samræðum eftir því sem orðaforðinn leyfir. Unnið er með auðveldar texta sem tengjast daglegu lífi til að auka orðaforða nemenda og þjálfra framburð. Lögð er áhersla á að fjölbreyttum aðferðum í tungumálakennslu skuli beitt. (sbr. námskrá íslenska fyrir útlendinga - grunn-nám, Mnr, 2008)

Leiðbeinandi/instructor:	Jónatan G. Jónsson
Lengd/length:	60 stundir - 60 lessons
Verð/price:	37.000

Íslenska fyrir útlendinga 1

Vinsamlegast hafið samband við Visku í síma 4811950 til að fá frekari upplýsingar og til innritunar. Please contact Viska tel. 481-1950 for further information and/or to sign up, or sign up here below.

Áfanginn er ætlaður þeim sem hafa nokkra undirstöðu í íslensku. Haldið er áfram að vinna með þá þætti sem tengjast daglegu lífi og starfi einstaklingsins til að auka orðaforða nemanda. Lögð er áhersla á að nemendur geti gert sig skiljanlega í verslun, bakaríi, banka, pósthúsi og veitingahúsi og tekið þátt í einföldum samræðum um dagleg málefni, svo sem veður og áhugamál. Eins og áður er lögð áhersla á að kynna nemendum uppbyggingu tungumálsins með hlustun, lestri, ritun, frásögn og samræðum. Haldið áfram að þjálfra íslensk hljóð og framburð. Fjölbreyttum kennsluáðferðum í tungumálakennslu beitt. Leitast er við að gera verkefni þannig úr garði að þau reyni á hæfni nemandans við raunverulegar aðstæður. Sjá námskrá

Kennari/teacher:	Jóhanna Lilja Eiríksdóttir
Lengd/length:	60 stundir
Verð/price:	37.000



Stjúpfjölskyldur:
Endurgerð fjölskyldusamskipta

Námskeið ætlað fagfólki sem vinnur með og/eða á í samskiptum við fjölskyldur í starfi sínu

- Á námskeiðinu er fjallað um:
- Sýnileiki stjúpfjölskyldna – staðalmyndir
 - Hver tilheyri fjölskyldu skjólstæðings míns? Ofmat eða vanmat á stuðningsneti
 - Hlutverk foreldra, hollustubönd, tengsl og agamál í stjúpfjölskyldum
 - Leiðir til að greina og vinna með stjúpfjölskyldum - fjölskyldustefna

- Ávinningur þinn:
- Þekkir sérstöðu stjúpfjölskyldna og getur leiðbeint þeim á uppbyggilegan máta
 - Lærir um algengar upptakur í stjúpfjölskyldum
 - Öðlast skilning á þörfum stjúpfjölskyldna
 - Meira öryggi í samstarfi við fjölskyldur og heimili

Tími:	17. október
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	22.000 bókinn "Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og Stjúptengsl" er innifalinn í verði
Fjöldi:	Lágmark 8 manns hámark 12
Kennari:	Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi

Húmor í stjórnun

Á þessu áhugaverða og einstaka námskeiði/fyrirlestri er fjallað um mikilvægi þess að beita húmor í mannlegum samskiptum. Stjórnendur gegna afar mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að ná því besta fram hjá starfsfólki. Stjórnendur sem kunna að beita húmor, stuðla að bættri samvinnu starfsfólks, betri vinnuanda, betra heilsufari og aukinni starfsánægju.

Fjöldi rannsókna sýna að þeir stjórnendur sem beita húmor markvisst og meðvitað skapa nærandi og uppbyggilegt vinnuumhverfi og stuðla að ánægjulegri og gjöfylli samskiptum. Fyrirtæki þar sem áhersla er lögð á húmor og gleði, njóta meiri velgengni á allan hátt en þau fyrirtæki sem ekki er leggja sömu áherslu á vellíðan og starfsánægju.

Húmor er vandmeðfarinn en með því því að kunna kúntina og beita honum markvisst geta stjórnendur náð margföldum árangri við að skapa liðlegra andrúmsloft á vinnustöðum en ella, örva skapandi hugsun og auka framleiðni. Í hinu hraða samkeppnisumhverfi nútímans vegnar þeim fyrirtækjum best þar sem starfsfólkinu líður vel. Viðmót starfsmanna er það sem viðskiptavinir skynja.

Tími:	27. október
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	8000
Fjöldi:	Lágmark 15 manns
Kennari:	Edda Björgvinsdóttir

Húmor í samskiptum :: Hádegiserindi

Húmor, hlátur og heilbrigði er efni þessa námskeiðs/fyrirlesturs

Jákvæðni er lífsafstaða og þeir sem tileinka sér jákvæðni í samskiptum eru á allan hátt heilbrigðari á líkama og sál. Ótal rannsóknir styðja þær kenningar að fólk sem hlær mikið og leggur áherslu á gleði í lífi sínu er með betra ónæmiskerfi en aðrir. Gleðir einstaklingar eru almennt heilsuhraustari en þeir sem ekki tileinka sér slíkan lífsstíl. Gleði er valkostur á nákvæmlega sama hátt og eynd er valkostur.

Edda Björgvinsdóttir hefur unnið með fyrirbærið húmor í áratugi og er núna að skrifa meistaratítt um húmor í stjórnun. Það er ótrúlega mikilvægt að nota tækin "gleði og hlátur" á tímum eins og þessum sem við lifum núna.

Tökum ákvörðun um að auka gleðina í lífi okkar og þar með lífsgæði!

Tími:	Hádegiserindi 26. október
Staður:	Staðsetning auglýst síðar
Verð:	5000 kr.
Fjöldi:	Lágmark 10 manns
Kennari:	Edda Björgvinsdóttir

Að veita framúrskarandi þjónustu :: 6 kennslust.

Með húmor, gleði og aukinni færni í mannlegum samskiptum má stórbæta andrúmsloft á vinnustað. Á námskeiðinu/fyrirlestrinum er fjallað um góða og slæma þjónustu á skemmtilegan hátt og velt upp fjölmörgum hliðum á því hvað raunverulega góð þjónusta er. Við skoðum hvernig má gera góða þjónustu betri, jafnvel framúrskarandi og hvað ber að rækta og hvað að varast í mannlegum samskiptum. Sérstaklega eru skoðuð samskipti við pirraða og reiða skjólstæðinga og neikvæða samstarfsaðila.

Fjallað er um hvað starfsánægja og þjónustulund er mikilvæg fyrir alla, bæði starfsfólk og þá sem þjónustunnar njóta og hversu áhrifandi er að byggja upp góðan starfsanda. Húmor er gífurlega öflugt tæki í samskiptum og hefur einstaklega góð áhrif á andrúmsloft á vinnustöðum en nauðsynlegt er að rannsaka hinar fjölmörgu hliðar húmors til að beita honum á uppbyggilegan hátt.

Einnig verður fjallað um mikilvægi þess að geta brugðið sér í ólík hlutverk eftir því hvað á við hverju sinni og hvernig venjulegt fólk getur nýtt sér aldagamla tækni leiklistarinnar.

Tími:	27. október
Staður:	Húsnæði Visku að Strandvegi 50
Verð:	8000
Fjöldi:	Lágmark 15 manns
Kennari:	Edda Björgvinsdóttir



Verkefnastjórnun

Á námskeiðinu Grunnatriði Verkefnastjórnunar og leiðtoga-hæfni eru kenndar aðferðir sem nýtast við stjórnun mismunandi verkefna af ýmsum stærðum og gerðum. Markmið námskeiðsins er að skapa skilning á aðferðarfræði faglegrar verkefnastjórnunar.

Þekking, færni og hæfni:

- Að auka hæfni í að leiða verkefni og vinna í verkefnum.
- Að auka þekkingu á eðli verkefnavinnu.
- Að auka hæfni í að taka þátt í hópvinnu.
- Að öðlast færni í að nýta þau verkfæri sem kynnt verða á námskeiðinu.
- Að öðlast þekkingu fyrir alþjóðlega D-vottun verkefnastjóra hjá IPMA (International Project Management Association)

Fyrir hverja:

Námskeiðið nýtist fólki úr öllum geirum atvinnulífsins þar sem vinna í verkefnum er stór hluti af daglegu starfi.

Námsþættir:

- Hugtakalykill IPMA
- Skilgreining á verkefnum
- Mismunandi gerðir verkefna
- Mismunandi aðferðir við verkefnastjórnun
- Skipulag og samskipti
- Sundurliðun verkefnis í verkþætti og gerð tíma- og áfangaáætla
- Gerð kostnaðaráætla
- Greining hagsmunaaðila
- Áhættugreiningar
- Mælikvarðar
- Hópur vs Teymi
- Traust
- Fyrirtækjabragur
- Ágreiningur
- Virk hlustun
- Jafningjastjórnun
- Árangursmiðuð verkefnastjórnun
- Forgangsröðun verkefna
- Bundna leiðin (e. critical path)
- Vottunarferlið
- Verkefnavinna

Við lok námskeiðsins hafa þátttakendur gert fullbúna verkefnisáætlun fyrir lítið verkefni og hafa hlotið undirbúning fyrir D-vottun hjá Verkefnastjórnunarfélagi Íslands."

Lengd: 16. - 17. október frá kl. 09:00 - 17:00
Verð: 39.900 (stéttarfélög niðurgreiða)
Fjöldi: Lágmark 10 manns

**Nánari upplýsingar
í síma 481-1950**

Umhirða húðarinnar og förðun :: 6 kennslust.

Á námskeiðinu er fjallað um umhirðu húðar og förðun, kennt er í gegnum fyrirlestur með sýnikennslu. Allir þátttakendur eru leystir út með gjöf í lok námskeiðs. Meðan á námskeiðinu stendur fá þátttakendur 20% afslátt af meðferðum á Snyrtistofunni Aroma.

1. UMHIRÐA HÚÐAR

- Farið yfir helsta hlutverk húðarinnar, húðtegundir og vandamál tengd húðinni.
- Hreinsun húðarinnar, yfirborðshreinsun, djúphreinsun, dagkrem, næturkrem, undirkrem, augnkrem. Hvað hentar hverjum, hvenær og hvers vegna.
- Sýnikennsla í yfirborðs- og djúphreinsun. Hvernig við notum kremin og hvað hentar hverjum og einum.
- Þátttakendum gefinn kostur á að prófa yfirborðs- og djúphreinsun.
- Kynning á hvaða vörur eru í boði.

2. FÖRDUN - SÝNIKENNSLA

- Farði, undirfarði og hyljarar. Farið yfir helstu tegundir farða, hvers vegna við notum farða og hvað hentar hverjum og einum.
- Augu og augabrúnir. Hvernig snyrtum við og litum augabrúnirnar. Augnblyantar, eyeliner og sýndar hinar ýmsu tegundir af skyggingum í augnförðun.
- Sólarpúður og kinnalitir.
- Tískan í dag.

Leiðbeinandi: Valgerður Jónsdóttir, snyrtifræðingur
Hvar: Snyrtistofan Aróma
Fjöldi: 8 þátttakendur í einu
Lengd: 6 kennslustundir, 2 skipti
Verð: 9.500 kr.



Styrkur þinn til náms



Sveitamennt styrkir starfsmenntun innan sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna



Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401
www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is

Þín leið til fræðslu



Ríkismennt styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni



Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna




Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401
www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

FYRIR FÓLKID Í LANDINU



VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ



Námsmannapjónusta Sparisjóðsins

Við erum þér innan handar

Kynntu þér nánar kosti þess að vera námsmaður í Námsmannapjónustu Sparisjóðsins.

Sparisjóðurinn er umboðsaðili
VÍS í Vestmannaeyjum

